

Fundur stjórnar Íshökkísambands Íslands
miðvikudagur 16. október 2024 klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 auk Teams fjarfundar.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GÍÞ), Bergur Jónsson (BJ), Olgeir Olgeirsson (OO), Ingólfur Elíasson (IE), Sigrún Agata (SA), Viðar Garðarsson (VG) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Arnar Sveinsson (AS),

Fundargerðir síðastu tveggja funda voru birtar á Slack svæði stjórnar þar sem stjórnarfolk gat lesið þær yfir og gert athugasemdir. Engar athugasemdir bárust á Slack og ekki heldur við upphaf fundar og voru því fundargerðirnar frá 17. September og 1. október bornar undir atkvæði og þær samþykktar samhljóða.

Formaður flutti munnlega greinargerð í gegnum fjarfundarbúnað þar sem hann var staddur á kanaríeyjum vegna sumarleyfis. Þar fór hann yfir deilumál SR við ÍHÍ eins og hann sér þetta mál. Stjórnin þakklát fyrir yfirferðina. Hann upplýsti að næstkomandi laugardag 19. Október væri fyrirhugaður fyrsti sáttafundur milli ÍHÍ og SR undir stjórn Lilju Guðmundsdóttur sáttaamiðlara. Nokkrar umræðu spunnust um málið og má draga þær saman í einn fókus sem er að mikilvægt sé að ná sáttum í hreyfingunni en stjórn SR verður að gera sér ljóst hvar valdið liggur og það sé tæknilega ómögulegt að fella niður eða draga til baka birta úrskurði Aganefndar.

Heilindafulltrúi ÍHÍ Guðlaug Ingibjörg sem einnig er vara formaður sambandsins, kynnti fyrir stjórn þá vinnu sem hún er að framkvæma til að kortleggja stöðuna í hreyfingunni. Hugmyndafræðin gengur síðan út á það að nýta þær upplýsingar til að ákvarða næstu skref s.s. fræðsluefni. Mikil ánægja er meðal stjórnarmanna með þessa vinnu og þó að freystandi sé að reyna að ýta þessu máli hratt áfram var sjórnin einhuga um að það mætti ekki koma niður á gæðum vinnunar þar sem um sérlega viðkvæman málaflokk væri að ræða.

Síðan var opnað fyrir umræður. Formaður þurfti að yfirgefa fundinn áður en umræðan var tæmd og tók framkvæmdastjóri við fundarstjórn. Umræðan var kláruð þannig að allir fengu að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.